

# Aðalfundur foreldrafélags grunnskóladeildar Seyðisfjarðarskóla

**Haldinn í Rauða skóla 7. maí 2019 kl. 20.**

**Mætt eru:**

Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, Auður Jörundsdóttir, Árni Geir, Lárusson, Örvar Jóhannsson, Tinna Guðmundsdóttir, Eva Jónu, Jóhanna Magnúsdóttir, Elva Ásgeirsdóttir, Brynhildur Garðarsdóttir, Svandís Egilsdóttir skólastjóri og Sigríður Rún sem ritar fundargerð.

Auður Jörundsdóttir setur fundinn og stingur upp á Hönnu Christel sem fundarstjóra sem fundurinn samþykkir samhljóða.

**Skýrsla stjórnar** er lesinn og umræður um hvern lið eru jafnóðum.

**Umræður:**

-Umferðargatan á skólalóðinni. Fræðslunefnd og umhverfisvernd eru með málið hjá sér og á að fara í úrbætur. Það er verið að vinna í því að finna leiðir til að laga þetta. Rökin um að sjúkrabílaumferð hindri að þetta geti orðið vistgata standast ekki. Við ættum að fylgjast með þeirri vinnu en á öllum stigum er ljóst að úrbóta er þörf.

**Grikk og gott.** Stjórnin ætlar að kynna strax í upphafi haustannar við foreldrar þurfum að ræða þetta í aðdragandanum og koma okkur saman um hvaða hátt við höfum á. Ein hugmynd er að tengja þetta við myrkraballið og daga myrkurs og ballið yrði á laugardegi.

**Tenglastarf,** nota vinnuhópana til að foreldrar hittist. Mikilvægt að nota haustfundina til að hvetja tenglana og koma tenglastarfinu í gang.

**Ársreikningar:** við eigum smá pening. Erum gegnumstreymissjóður og viljum ekki safna sjóðum. Reikningar eru samþykktir samhljóða.

**Félagsgjöld;** Tillaga að þau séu óbreytt. Samþykkt samhljóða.

**Stjórnarkjör;** Hanna og Eva koma inn sem aðalmenn. Brynhildur kemur inn sem varamaður. Okkur vantar einn varamann. Stjórnin fær umboð til að fullmanna sig í haust, mögulega foreldrar væntanlegra fyrstu bekkinga.

**Önnur mál:**

**Ærslabelgur og vorverkadagur;**

-Foreldrafélög grunnskóla og leikskóladeildar ætla að kaupa ærslabelg: Hann verður pantaður að utan og þá fáum við hann miklu ódýrari. Hann verður sennilega kominn um mánaðarmótin maí/júní. Málið er núna hjá bæjarverkfræðingi sem skoðar alla formlega þætti, grendarkynningu, mögulega staðsetningu, hvað þarf að undirbúa. Grafa fyrir honum, svo sem drengi, tengja rafmagnið. Þegar allir þeir þættir eru komnir á hreint förum við í samtal við

skólayfirvöld um mögulega staðsetningu. Tínið við hliðina á sparkvellingnum er sú staðsetning sem okkur líst best á núna. Verður að vera í góðu samráði við alla sem koma að þessu og þetta snertir.

-Sólveigartorg: Loka fyrir bílaumferð með blómakerum, fá bekki aftur.

-Laga tækin á skólalóðinni. Bera á þau.